

Samantekt um sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.

Ákvörðun um sameiningu

Matvælaráðherra hefur ákveðið að leggja til að Landgræðslan og Skógræktin verði sameinaðar í nýja stofnun. Þann 18. október var ákvörðun um sameiningu stofnanna kynnt fyrir ríkisstjórn og þann sama dag hélt ráðherra fund með starfsmönnum stofnananna þar sem þeim var tilkynnt um framangreinda ákvörðun. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja mannauð í málaflokknum og að núverandi þekking nýtist áfram sem best. Helstu skilaboð ráðherra til starfsmanna eru þau að allir starfsmenn flytjast yfir í nýja stofnun og halda sínu starfi eða sambærilegu starfi. Þá munu réttindi og skyldur starfsfólks færast til nýrrar stofnunar en umræða um skipulag nýrrar stofnunar mun bíða nýs forstöðumanns.

Undanfari ákvörðunar

Landgræðslan og Skógræktin eru stofnanir sem eiga sér langa sögu og hafa verkefni þeirra frá upphafi tengst. Mikill samhljómur er með hlutverkum stofnananna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 155/2018 um landgræðslu og lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt og nýverið gaf matvælaráðherra út fyrstu sameinuðu stefnuna í landgræðslu og skógrækt auk aðgerðaráætlunar. Oftar en einu sinni hefur verið skoðað hvort sameina eigi stofnanirnar en hefur það ekki gengið eftir af ýmsum ástæðum, ekki síst byggðapolítískum.

Stjórnvöld leggja áherslu á þátt kolefnisbindingar og samdráttar í losun frá landi og á endurheimt votlendis og birkiskóga og að samþætta þannig markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla hefur aukist á heildstæða ráðgjöf til landeigenda og þátttökunálgun í verkefnum og þá gerir losunarbókhald Íslands fyrir landnotkun kröfu um mjög sérhæfða þekkingu. Kröfur um gæði og samhæfða miðlun upplýsinga til almennings og stjórnvalda aukast ár frá ári og auk þess er brýnt að byggja upp þekkingu á sviði vottunar kolefniseininga í ýmsum landnýtingarverkefnum.

Í ljósi framangreinds skipaði ráðherra starfshóp þann 17. maí 2022 sem var falið að greina rekstur stofnananna, eignaumsýslu, samlegð faglegra málefna þeirra og vinna áhættugreiningu vegna mögulegrar sameiningar og skilaði starfshópurinn meðfylgjandi skýrslu þann 3. október sl.

Tækifæri sem skapast við sameiningu stofnananna

Í skýrslu framangreinds starfshóps um forathugun á sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar er fjallað um að stærstu rekstrarlegu tækifærin með sameiningu stofnananna felist í aukinni samlegð í stoðþjónustu í sameinaðri stofnun og þá leiði sameining til aukinnar skilvirkni. Við það að stofnanir eru sameinaðar mun stjórnendum óhjákvæmilega fækka en í því felst ekki að í stærri stofnun fækki störfum. Í stærri stofnun er hægt að horfa til þess að stjórnunarábyrgð sé meiri og slíkt gefur tækifæri til þess að efla enn frekar skipulagningu og samhæfingu sem ætti að geta leitt til aukinnar sérhæfingar í faglegu starfi með það að markmiði að auka afrakstur stofnunarinnar með sama eða jafnvel minni tilkostnaði. Auk þess sem ná má fram aukinni skilvirkni meðal starfsfólks má gera ráð fyrir því að í stærri stofnun megi nýta húsnaði, tæki og annan búnað betur.

Samkvæmt áhættumati starfshóps um forathugun kom fram að áherslur eru mismunandi á milli stofnana, m.a. um tegundaval og forgangsörðun verkefna. Með skýrri stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og ef vel er staðið að undirbúningi er það mat starfshópsins að sameining sé skref til að ná fram betri samhæfingu innan málaflokksins. Slík stefnumörkun liggur fyrir af hálfu matvælaráðuneytisins sem stofnununum ber að vinna eftir innan ramma laga. Auk þess liggur fyrir fimm ára stefnumörkun í fjármálaáætlun og unnið er árlega að stefnumiðuðum áætlunum ríkisaðila, sem fylgt er eftir með fjárveitingabréfi, í samræmi við lög um opinber fjármál. Stefna og áherslur stofnananna eru því reglulega til endurskoðunar.

Lög um opinber fjármál gera kröfu um mikil samskipti ráðuneytis og stofnana varðandi stefnumótun, innleiðingu og eftirfylgni verkefna. Með hliðsjón af tengdum verkefnum Landgræðslunnar og

Skógræktarinnar þarf oft að vera í samskiptum við báðar stofnanirnar vegna sömu eða tengdra viðfangsefna. Þá reynir á samhæfingu þeirra og samstarf. Augljós kostur við sameiningu er að það myndi einfalda þessi samskipti og bæta yfirsýn yfir sameiginleg verkefni. Á þetta reynir sérstaklega mikið varðandi árangurstengingu loftslagsmála og þar með er talin forgangsöröðun aðgerða og mat á árangri þeirra sem og þegar kemur að samhæfingu í aðgerðum hvað varðar líffræðilega fjölbreytni. Sameining stofnananna getur því haft í för með sér aukna skilvirkni, ekki einvörðungu innan stofnunar heldur einnig milli stofnunar og ráðuneytis.

Lagabreytingar

Áformaskjöl vegna nauðsynlegra lagabreytinga verða birt á samráðsgátt stjórnvalda þann 18. október. Áætlað er að frumvarpsdrög verði birt á samráðsgáttinni í desember 2022 og frumvarp um sameiningu stofnananna verði lagt fram á Alþingi í febrúar 2023.

Ný stofnun

Ef Alþingi samþykkir framlagðar lagabreytingar er gert ráð fyrir því að auglýst verði eftir forstöðumanni vorið 2023. Þá verði skipuð verkefnisstjórn sem verður falið að styðja við nýjan forstöðumann en m.a. þarf að kortleggja réttindi starfsfólks og móta nýtt skipurit, sem gert yrði í nánu samstarfi við starfsfólk. Gert er ráð fyrir því að ný stofnun geti tekið formlega til starfa þann 1. janúar 2024. Mikilvægt er að ný stofnun vinni samhent að verkefnum sínum og þarf skipulag og heiti nýrrar stofnunar að endurspeglar þessa áherslu.

Ekkert verður hreyft við starfsstöðvum í sameiningarferlinu eða staðsetningum starfsmanna en mikilvægt er að starfsstöðvar séu nálægt þeim fjölda verkefna sem nú er sinnt. Alls eru 16 starfsstöðvar víða um land og getur aðalskrifstofa nýrrar stofnunar verið á öllum meginstarfsstöðvum en ekki er gert ráð fyrir að forstöðumaður hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur sameinuð stofnun um 130 stöðugildi, sem er ofan við meðaltal ríkisstofnana, og heildarútgjöld stofnunarinnar verða nálægt meðalútgjöldum allra stofnana ríkisins.

Nokkur umræða hefur verið um heiti nýrrar stofnunar. Starfshópur um forathugun hafði til viðmiðunar að heiti stofnunar tengist helstu viðfangsefnum, að nýtt heiti marki nýtt upphaf og að það geti verið skammstöfun á lengra heiti. Þessu til viðbótar hefur komið til tals að nafnið þurfi að gefa svigrúm til að fela nýrri stofnun fleiri verkefni s.s. á sviði landbúnaðar. Meðal hugmynda að nýju heiti sem hefur komið til tals er *Landræktin*, sem vísar þá bæði til landgræðslu og skógræktar. Mögulegur farvegur fyrir frekara samtal um heiti stofnunarinnar væri að leita hugmynda og sjónarmiða hjá starfsfólki stofnananna.

Í grunninn snýst sameining Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um það að verkefnum stofnananna sé sinnt vel og að nýta mannauð, búnað og húsnæði eins vel og kostur er. Samkvæmt greiningum fyrrgreinds starfshóps um forathugun kemur fram að mikil fagleg samlegð sé í verkefnum eins og loftslagsbókhaldi, endurheimt birkiskóga, fræðingaleiðslu, landupplýsingum, ráðgjöf til bænda og landeigenda um landnýtingu og landbætur, umsjón lands ríkisins og fræðslu og kynningu. Þessi niðurstaða samræmist vel heildstæðri stefnu matvælaráðherra fyrir landgræðslu og skógrækt og aðgerðaáætlun í Land og líf.